



# Starfsáætlun Víkurskóla

## 2023- 2024

Uppfærð 10.10 2023 af Elínu Einarsdóttur

Víkurskóli  
Mánabraut 3-5, 870 Vík

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	4
Hagnýtar upplýsingar .....	4
Forföll og leyfi nemenda.....	4
Skóladagatal .....	5
Skertir skóladagar .....	5
Skóladagur nemenda .....	5
Dægradvöl .....	6
Frímínútur og hádegishlé .....	6
Tilhögun kennslu.....	6
Nemendur.....	8
Starfsfólk Víkurskóla.....	8
Skipurit Víkurskóla.....	9
Skólaráð.....	9
Skólareglur Víkurskóla .....	10
Foreldrafélag.....	10
Tómstundastarf og félagslíf .....	11
Nemendaverndarráð .....	12
Stuðningur.....	12
Áfallateymi .....	13
Sérkennsla og þroskaþjálfun .....	13
Sérfræðiþjónusta Víkurskóla.....	13
ÍSAT kennsla (Íslenska sem annað tungumál) .....	14
Skimanir og próf.....	14
Eineltisáætlun.....	14
Náms- og starfsráðgjöf.....	14
Samstarf við önnur skólastig.....	15
Sálfræðiþjónusta.....	15
Talmeinafræðingur.....	15
Heilsugæsla.....	15
Öryggi nemenda - rýmingaráætlanir .....	15
Skólaakstur .....	15

Símenntunaráætlun.....	16
Þróunarstarf og innra mat.....	16

## Inngangur

Samkvæmt lögum skal grunnskóli gefa út starfsáætlun ár hvert. Þar skal m.a. gera grein fyrir skóladagatali, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar skal birta upplýsingar um starfslið skólans, stjórnkerfi, mögulegan stuðning fyrir nemendur af ýmsu tagi og almennar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers skólaárs.

Starfsáætlun skóla skal vera til umfjöllunar í skólaráði og er árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög og reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds. Þetta er starfsáætlun Víkurskóla fyrir skólaárið 2022-2023. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast í skólanámskrá.

## Hagnýtar upplýsingar

Víkurskóli  
Mánabraut 3-5  
870 Vík  
Sími: 487 1242

Netfang: [vikurskoli@vikurskoli.is](mailto:vikurskoli@vikurskoli.is)

Heimasíða: [www.vikurskoli.is](http://www.vikurskoli.is)

Skólastjóri er Elín Einarsdóttir, [skolastjori@vikurskoli.is](mailto:skolastjori@vikurskoli.is), sími: 776 1320

Aðstoðarskólastjóri er Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir [kollaosk@vikurskoli.is](mailto:kollaosk@vikurskoli.is)

Dægradvöl fyrir nemendur í 1.-4. bekk og forskóla er til kl. 16:00 virka daga.

Umsjónarmaður dægradvalar er Anna Birna Björnsdóttir, [annabirna@vikurskoli.is](mailto:annabirna@vikurskoli.is)

Skólinn er opinn frá kl. 07:45 – 16:00 alla virka daga.

## Forföll og leyfi nemenda

Forráðamenn tilkynna forföll nemenda fyrir upphaf skóladags í gegnum upplýsingarkerfið Mentor, í tölvupósti til umsjónarkennara eða símleiðis í skólann: 487-1242

Ef nemandi þarf að fá leyfi hluta úr degi eða 1-2 skóladaga skal hafa samband við umsjónarkennara. Ef óskað er eftir lengra leyfi skal sækja um það til skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra. Eyðublað eru á heimasíðu skólans. Skólinn minnir á ábyrgð foreldra/forráðamanna að passa upp á að nemendur vinni upp það nám sem þeir missa af vegna lengri leyfa. Ef skólasókn nemenda er áfátt upplýsir umsjónarkennari foreldra og vísar málinu til skólastjóra. Málefni nemandans verður þá tekið fyrir í nemendaverndarráði skólans.

Ef óskað er eftir undanþágu frá skyldunámi í námsgrein er sótt um það skriflega til skólastjóra sem leggur umsóknina fyrir nemendaverndarráð til umsagnar.

## Skóladagatal

Skóladagar nemenda eru 175. Jólaleyfi hefst 18. desember og lýkur 3. janúar. Páskaleyfi hefst 22. mars og lýkur 1. apríl. Kennsla fellur niður á starfsdögum. Á skólaárinu eru þeir: 29. september, 9. nóvember og 3. janúar, 14. febrúar og 30. maí.

Samband Íslenskra sveitarfélaga		Skóladagatal 2023 - 2024												Nafn skóla: Víkurskóli, Vík í Mýrdal		
ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ						
1 D	1 F	1 S	1 M	1 F	1 M	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L						
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L	2 D	2 F	2 L	2 D	2 F	2 S						
3 F	3 S	3 D	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M						
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 D						
5 L	5 D	5 F	5 S	5 D	5 F	5 M	5 D	5 F	5 S	5 M						
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 L	6 D	6 M	6 L	6 M	6 F						
7 M	7 F	7 L	7 D	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 D	7 F						
8 D	8 F	8 S	8 M	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L						
9 M	9 L	9 M	9 F	9 L	9 D	9 F	9 L	9 D	9 F	9 S						
10 F	10 S	10 D	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M						
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 L	11 D						
12 L	12 D	12 F	12 S	12 D	12 F	12 M	12 D	12 F	12 S	12 M						
13 S	13 M	13 F	13 M	13 M	13 L	13 D	13 M	13 L	13 M	13 F						
14 M	14 F	14 L	14 D	14 F	14 S	14 M	14 F	14 S	14 D	14 F						
15 D	15 F	15 S	15 M	15 F	15 D	15 F	15 L	15 M	15 M	15 L						
16 M	16 L	16 M	16 F	16 L	16 D	16 F	16 L	16 D	16 F	16 S						
17 F	17 S	17 D	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 M						
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 M	18 F	18 L	18 D						
19 L	19 D	19 F	19 S	19 D	19 F	19 M	19 D	19 F	19 S	19 M						
# S	# M	# F	# M	# M	# L	# D	# M	# L	# M	# F						
21 M	21 F	21 L	21 D	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 D	21 F						
# D	# F	# S	# M	# F	# M	# F	# M	# M	# M	# M						
# M	# L	# M	# F	# L	# D	# F	# L	# D	# F	# S						
# F	# S	# D	# F	# S	# M	# L	# S	# M	# F	# M						
# F	# M	# M	# L	# M	# S	# M	# S	# M	# F	# M						
# L	# D	# F	# S	# D	# F	# M	# D	# F	# S	# M						
# S	# M	# F	# M	# M	# L	# D	# M	# L	# M	# M						
# M	# L	# M	# D	# M	# S	# M	# M	# S	# F	# M						
# M	# M	# F	# F	# F	# L	# D	# L	# M	# L	# M						
# M	# L	# M	# D	# M	# S	# M	# M	# S	# F	# M						
# M	# M	# F	# F	# F	# L	# D	# L	# M	# L	# M						
# M	# L	# M	# D	# M	# S	# M	# M	# S	# F	# M						
# M	# M	# F	# F	# F	# L	# D	# L	# M	# L	# M						
# M	# L	# M	# D	# M	# S	# M	# M	# S	# F	# M						
31 F	31 D	31 M	31 S	31 M	31 L	31 D	31 M	31 L	31 M	31 F						

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólafjöra í samráði við kennara og með hljóðn af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

## Skertir skóladagar

Skertir skóladagar mega, samkvæmt ákvörðun Menntamálaráðuneytisins, vera 10 talsins yfir skólaárið. Eftirfarandi dagar skólaárið 2023-24 verða skertir:

- 24.ágúst Skólaasetning
- 18.október Foreldradagur
- 15.desember Litlu jól
- 1.febrúar Foreldradagur
- 21. mars Vegna árshátíðar
- 29.maí Vordagur
- 30.maí Skólaslit

## Skóladagur nemenda

Skólastarf hefst kl. 8:10 og lýkur klukkan 14:35 þriðjudaga til fimmtudaga. Á mánudögum lýkur skólastarfi klukkan 15:15. Skólastarfi lýkur klukkan 12:00 á föstudögum. Skólahúsnæðið er opið frá klukkan 7:45 á morgnana. Stuðningsfulltrúi sér um að opna húsið og taka á móti nemendum.

## Dægradvöl

Nemendum í 1.-4. bekk og forskóla býðst að koma í dægradvöl virka daga eftir að námi samkvæmt stundaskrá lýkur, til kl. 16:00 á daginn. Boðið er upp á fjölbreytta hópaskipta afþreyingu. Dægradvöl er í boði á skóladögum nemenda og foreldra- og nemendadögum og tveimur af fimm starfsdögum skólans, 14. febrúar og 30. maí. Þeim nemendum sem eru í Dægradvöl stendur til boða að fá síðdegishressingu. Innan tímaramma Dægradvalar gefst nemendum jafnframt kostur á að sækja íþróttstarf hjá Ungmennafélaginu Kötlu og Skólakór hjá Tónlistarskóla Mýrdælinga. Sjá nánar um vistunarreglur <https://vikurskoli.is/vistunarreglur/> gjaldskrá er aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins [www.vik.is](http://www.vik.is)

## Frímínútur og hádegishlé

Nemendur fá 20 mínútna frímínútur klukkan 9:30 þar sem boðið er upp á hressingu og 10 mínútna frímínútur klukkan 11:10. Hádegishlé er frá klukkan 12:00-12:30, nemendur forskóladeildar koma fyrr í máltíðir. Nemendur geta keypt mat og morgunhressingu í skólanum en geta ef þeir kjósa frekar komið með nesti að heiman. Eftir hádegi fá nemendur 5 mínútna frímínútur klukkan 13:55.

Yngri nemendur (1.-6. bekkur) og forskóli fara í frímínútur út á leiksvæði nema að veður hamli. Nemendur í 7. – 10. bekk fara í útivist í frímínútum klukkan 11:10 en val í öðrum frímínútum. Almennir starfsmenn sjá um gæslu í öllum frímínútum utan- og innandyra eftir atvikum. Ef ekki er fært að vera utandyra vegna veðurs þá færast gæslan í frímínútum inn. Íþróttakennsla fer fram utandyra haust og vor eftir því sem veður leyfir. Sund er einu sinni í viku. Haustið 2023 er sund kennt í öllum hreyfitímum fram í byrjun október og jafnframt í apríl-maí vorið 2024. Listir og textílmenn eru kenndar í kennslustofu við hliðina á bókasafninu og smíði og hönnun eru kennt í Smíðakoti (lausri kennslustofu vestan við skólann).

## Tilhögun kennslu

Í Víkurskóla er samkennsla árganga og um leið eru námsgreinar oft á tíðum samþættar, sérstaklega á yngsta stigi. Samkennsluhópar eru eftirfarandi: 1.-2. bekkur, 3.-4. bekkur, 5.-6. bekkur, 7.-8. bekkur, og 9.-10. bekkur. Skólaárið 2023-2024 er forskóladeild fyrir 5 ára börn í Víkurskóla. Þau eru að hluta til í samkennslu með 1.-2. bekk. Forskóladeild fylgir skóladagatali grunnskólans.

Verklegar greinar, hönnun og smíði, myndmennt, handmennt og heimilsfræði eru unnar í lotum sem skiptast í þrjár annir. Oft og tíðum er því erfitt að tilgreina stundir samkvæmt viðmiðunarstundaskrá en sú hlutfallslega skipting sem þar er boðuð er höfð til hliðsjónar í starfi skólans. Nemendum í 3.-6. bekk er skipt í 4 hópa og fara þeir í smíðjutíma (hönnun og smíði, textíll, myndmennt og heimilisfræði) tvisvar í viku á rúllandi stundarskrá. Í skipulagi skólans er horft til þeirra markmiða sem vinna á samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla og eru því námsmarkmiðin einnig leiðarljós þegar ákveðið er hvernig tímamagni er skipt á milli námsþátta, jafnframt er leitast við að draga inn í skólastarfið áherslur úr Menntastefnu Mýrdalshrepps. Námsvísa / kennsluáætlanir skólans er að finna á heimasíðu skólans [www.vikurskoli.is](http://www.vikurskoli.is).

Fag	1. -2. bekkur	3. - 4. bekkur	5. - 6. bekkur	7. - 8. bekkur	9.-10. bekkur
Íslenska	7	6	6	5	6
Stærðfræði	6	6	5	5	5
Enska		2	3	3	3
Danska			2	4	3
Náttúrufræði	3	3	3	3	4
Samfélagsfræði**	4	4	5	4	4
Upplýsingatækni	1	1	1	1	1
Tónmennt	1	1	1		
Íþróttir	2	2	2	2	2
Sund	1	1	1	1	1
List-og verkgreinar	5	4	4	2	
Val/Art-UTÁ	1	1	3		1
Valgreinar eldri				8	8
<b>Samtals</b>	<b>31</b>	<b>31</b>	<b>36</b>	<b>38</b>	<b>38</b>

\*Þar af 1 stund í trúarbragðafræði í 1.-8. bekk

\*\*7. bekkur fær 8 valstundir á viku

Valgreinar á unglíngastigi skólaárið 2023-2024

- Skólahreysti
- Listir
- Almenn hreyfing (skipulagt í samráði við nemendur)
- Tálgun
- Borðspil
- Duolingo/leikir
- Tölvur og tónsmíðar
- Teikning
- Fjörurannsóknir
- Leirmótun

Vettvangsferðir nemenda skólaárið 2023-2024 miðast að mestu við göngufæri frá skólanum og næsta nágrenni. Styttri haust- og vorferðir í tengslum við jarðvangsverkefni og Heilsueflandi skólastarf.

## Nemendur

Í upphafi skólaársins voru 62 börn skráð í skólann, þar af 7 nemendur í forskóladeild. Skiptingu nemenda eftir aldri, kyni, bekk má sjá í töflunni.

Árgangur	Stúlkur	Drengir	Alls
<b>Forskóli</b>	3	4	7
<b>1.bekkur</b>	2	4	6
<b>2.bekkur</b>	1	2	3
<b>3.bekkur</b>	1	4	5
<b>4.bekkur</b>	2	9	11
<b>5.bekkur</b>	7	2	9
<b>6.bekkur</b>	2	1	3
<b>7.bekkur</b>	1	5	6
<b>8.bekkur</b>	1	3	4
<b>9.bekkur</b>	5	1	6
<b>10.bekkur</b>	0	3	3
<b>Samtals</b>	<b>25</b>	<b>37</b>	<b>63</b>

## Starfsfólk Víkurskóla

### Nafn

Adam Szymielewicz  
 Anna Birna Björnsdóttir  
 Áslaug Einarsdóttir  
 Berglind Másdóttir  
 Bergþóra Ástþórsdóttir  
 Elín Einarsdóttir  
 Erla Þórey Ólafsdóttir  
 Margrét Lilja  
 Sigurgeirsdóttir  
 Hjördís Rut Jónsdóttir  
 Ívar Páll Bjartmarsson  
 Katrín Waagfjörð  
 Kolbrún Hjörleifsdóttir  
 Kolbrún Ó. Guðjónsdóttir  
 Oddný Bárðardóttir  
 Sandra Örvarsdóttir  
 Salóme S. Þórhildardóttir  
 Sif Hauksdóttir  
 Sæmunda Ósk Fjeldsted  
 Victoria Reinholdsdoóttir  
 Þuríður Lilja Valtýsdóttir  
 Zbigniew Rutkowski  
 Jolanta Rutkowska

### Staða

Kennari  
 Stuðningsf/dægrad  
 Þroskaþjálfari  
 Stuðningsfulltrúi  
 Stuðningsf.Stundak  
 Skólastjóri  
 Grunnskólakennari  
 Skólahjúkrunarfr.  
 Leikskólakennari  
 tölvuumsjón  
 Íþróttáfræðingur  
 Grunnskólakennari  
 Aðstoðarskólastjóri  
 Leiðbeinandi  
 Starfsm. m. stuðning/dægrad.  
 Leiðbeinandi  
 Umsjónark. sérkennari  
 Stuðningsfulltrúi/dægradvöl  
 Grunnskólak./verkefnastj.  
 Kennari  
 Stundakennari  
 Ræsting


### Netfang

[adam@vikurskoli.is](mailto:adam@vikurskoli.is)  
[annabirna@vikurskoli.is](mailto:annabirna@vikurskoli.is)  
[aslaug@vikurskoli.is](mailto:aslaug@vikurskoli.is)  
[berglind@vikurskoli.is](mailto:berglind@vikurskoli.is)  
[begga@vikurskoli.is](mailto:begga@vikurskoli.is)  
[skolastjori@vikurskoli.is](mailto:skolastjori@vikurskoli.is)  
[erla@vikurskoli.is](mailto:erla@vikurskoli.is)  
[margret.l.sigurgeirsdottir@hsu.is](mailto:margret.l.sigurgeirsdottir@hsu.is)  
[hjordis@vikurskoli.is](mailto:hjordis@vikurskoli.is)  
[ivar@ipb.is](mailto:ivar@ipb.is)  
[katrin@vikurskoli.is](mailto:katrin@vikurskoli.is)  
[kolbrun@vikurskoli.is](mailto:kolbrun@vikurskoli.is)  
[kollaosk@vikurskoli.is](mailto:kollaosk@vikurskoli.is)  
[oddny@vikurskoli.is](mailto:oddny@vikurskoli.is)  
[sandra@vikurskoli.is](mailto:sandra@vikurskoli.is)  
[salome@vikurskoli.is](mailto:salome@vikurskoli.is)  
[sif@vikurskoli.is](mailto:sif@vikurskoli.is)  
[saea@vikurskoli.is](mailto:saea@vikurskoli.is)  
[victoria@vikurskoli.is](mailto:victoria@vikurskoli.is)  
[thuridur@vikurskoli.is](mailto:thuridur@vikurskoli.is)  
[fermata@op.pl](mailto:fermata@op.pl)  
[fermata@op.pl](mailto:fermata@op.pl)



## Skipurit Víkurskóla

Hér gefur að líta skipurit Víkurskóla:



### Skólaráð

Við grunnskóla starfar skólaráð (skv. lögum nr. 91, 2008, 8.gr) sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar m.a. um skóladagatal, skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, og aðrar áætlanir um skólastarfið.

Skólaráð er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélagsins til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra.

Í Skólaráði 2023-2024 sitja eftirtaldir:

Bergný Ösp Sigurðardóttir fulltrúi foreldra  
 Petra Kristín Kristinsdóttir fulltrúi foreldra  
 Berglind Másdóttir fulltrúi starfsmanna  
 Sif Hauksdóttir, grunnskólakennari  
 Þuríður Lilja Valtýsdóttir kennari  
 Íris Orradóttir fulltrúi nemenda  
 Guðjón Örn Guðmundsson  
 Helga Halldórsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags  
 Elín Einarsdóttir, skólastjóri

#### Varamenn:

Áslaug Einarsdóttir, þroskaþjálfari  
 Bergþóra Ástþórsdóttir fulltrúi starfsmanna  
 Beata Rutkowska fulltrúi foreldra  
 Sveinn Sigurðsson fulltrúi foreldra  
 Júlíana Líf Halldórsdóttir fulltrúi nemenda

## Skólareglur Víkurskóla

Eftirfarandi reglur eru leiðarljós í starfi Víkurskóla.

### Almenn umgengni

- ❖ Við göngum vel um og berum virðingu fyrir skólanum, eigum skólans og þeirra sem þarf starfa
- ❖ Við tökum ábyrg á okkar gjörðum
  - Engin skemmdarverk hvorki úti né inni
  - Enga óábyrga hegðun

### Samskipti

- ❖ Við komum fram af virðingu og sýnum trúðmennsku og háttvísi innan skólans sem utan
- ❖ Við vinnum öll sem eitt gegn einelti
- ❖ Við sýnum ábyrga hegðun
  - Ekkert líkamlegt né andlegt ofbeldi
  - Ekki ögra né hóta
  - Ekki barefli né vopn


### Stundvísi og ástundun náms

- ❖ Við mætum stundvíslega í skólann
- ❖ Við tökum ábyrgð á okkar verkefnum í skólanum
- ❖ Við virðum tíma hvers annars
- ❖ Við sýnum vilja til að ná námsmarkmiðum
- ❖ Við leggjum okkur fram um að hver og einn fái tækifæri til að vaxa og dafna
  - Ekki skróp eða seinagang
  - Ekkert kæruleysi eða slóðaskap
  - Engin óútskýrð endurtekin leyfi eða veikindi

### Heilbrigðar og hollar lífsvenjur

- ❖ Við temjum okkur holla lífshætti
- ❖ Við erum hrein, snyrtileg og klædd eftir aðstæðum og veðri
- ❖ Snjallsímar eða önnur snjalltæki eru ekki leyfð á skólatíma
  - Engin ávana- eða fíkniefni
  - Snyrtileg umgengni
  - Ekkert óhóf í óhollustu

### Viðbrög við broti á skólareglum

Skólinn áskilur sér rétt til að fara eftir [V. kafla 11., 12. og 13. gr.](#) í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Sjá  [1040/2011](#)

## Foreldrafélag

Við Víkurskóla starfar foreldrafélag. Markmið félagsins er að efla samstarf heimila og skóla þannig að það leiði af sér öflugra skólustarf. Einnig á það að vera samstarfsvettvangur foreldra sem uppalenda. Aðalfundur félagsins er haldinn í september ár hvert með hefðbundinni aðalfundardagskrá. Sjá nánar á heimasíðu skólans. Netfang félagsins er [foreldrafelag@vikurskoli.is](mailto:foreldrafelag@vikurskoli.is).

Stjórn foreldrafélags Víkurskóla 2023-2024

**Aðalmenn:**

Harpa Elín Haraldsdóttir  
Ásta Alda Árnadóttir  
Kolbrún Magga Matthíasdóttir  
Solveig Sigríður Gunnarsdóttir  
Margrét Lilja Sigurgeirsdóttir

Til vara:

Valdimar Gíslason  
Kristina Hajniková

**Tengiliður við grunnskóla:**

Elín Einarsdóttir skólastjóri skolastjori@vikurskoli.is

## Tómstundastarf og félagslíf

Við skólann starfar nemendafélag. Markmið félagsins er að:

- Vinna að hagsmuna- og velferðarmálum nemenda.
- Skipuleggja og sjá um félagslíf nemenda í Víkurskóla.
- Vinna með skólaráði Víkurskóla að hagsmuna- og velferðamálum nemenda og skipa tvo fulltrúa félagsins í skólaráð.
- Vinna með skólastjóra sem hefur umsjón með starfi nemendaráðs.

Í nemendaráði skóláárið 2023-2024 eru:

**Aðalmenn**

Olaf Jóhann Ísólfur Karlsson  
Íris Anna Orradóttir  
Júlíana Líf Halldórsdóttir  
Bryntýr Orri Gunnarsson  
Bragi Þór Solveigarsson  
Angelina Rutkowska

**Varamenn**

Guðjón Örn Guðmundsson  
Bjarni Steinn Vigfússon  
Andri Berg Jóhannsson  
Bergsteinn Páll Pálsson  
Hafís Hanna Bjarkadóttir  
Kristján Logi Reynisson

Félagsstarf í Víkurskóla er með fjölbreyttum hætti og leggur nemendaráð línurnar fyrir starfið. Bekkjarkvöld eru haldin tvisvar á ári í umsjón bekkjarkennara í samstarfi við nemendur. Hefð hefur skapast fyrir hrekkjavökuskemmtun í lok október. Kaffihúskvöld sem er haldið í tilefni af Degi íslenskrar tungu 16. nóvember er samstarfsverkefni kennara og nemenda. Jólaböll nemenda eru haldin síðasta skóladag fyrir jólaleyfi. Árshátíð skólans er haldin í síðustu kennsluviku fyrir páskaleyfi. Nemendur í 8.-10. bekk sækja haustball og árshátíðarball með skólunum í Rangárvallasýslu. Á þorranum er haldið þorrablot í skólanum. Þá borða kennarar og nemendur þorramat saman, nemendur flytja annál ársins, þá er spiluð félagsvist hjá eldri nemendum og Ólsen, Ólsen keppni hjá yngri nemendum. Gott samstarf er við Ungmennafélagið Kötlu og félagsmiðstöðina OZ og reynt eins og kostur er að koma íþróttastarfi og starfi félagsmiðstöðvarinnar að fyrir yngri hópa innan ramma skólaakurstíma.

## Nemendaverndarráð

Samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008 er starfrækt nemendaverndarráð í Víkurskóla. Skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri er formaður nemendaverndarráðs.

Fastafulltrúar í nemendaverndarráði Víkurskóla eru skólastjóri, þroskaþjálfari, sérkennari, skólahjúkrunarfræðingur, fulltrúi frá Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og fulltrúi frá félagsþjónustu Rangár- og Vestur-Skaftafellssýslu. Ráðið má kalla til þá sem koma að velferð barna í Víkurskóla. Nemendaverndarráði er ætlað að vera starfsfólki skólans til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur samkvæmt reglugerð. Einnig er hlutverk nemendaverndarráðs að starfa að velferðarmálum nemenda svo sem varðandi sérkennslu, sálfræðiþjónustu, félagslega þjónustu, heilsuvernd og aðra sérfræðiþjónustu. Fundir eru að jafnaði haldnir tvisvar á önn en oftast ef þörf krefur.

Nemendaverndarráð Víkurskóla skólaárið 2023-2024

Elín Einarsdóttir, skólastjóri

Sif Hauksdóttir sérkennari

Áslaug Einarsdóttir, þroskaþjálfari

Helga Þorbergsdóttir hjúkrunarfræðingur

Fulltrúi Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaft

Fulltrúi Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaft

## Stuðningur

	Hvert á að leita fyrst?	Aðrir sem að málinu koma
<b>Námsörðugleikar</b>	Umsjónarkennari	Þroskaþjálfari, sérkennari Sérfræðingar Skólaþjónustu
<b>Samskiptaörðugleikar</b>	Umsjónarkennari	Skólastjóri Nemendaverndarráð
<b>Tal- og málörðugleikar</b>	Umsjónarkennari Þroskaþjálfari	Talmeinafræðingur í samstarfi við Skólaþjónustu
<b>Einelti</b>	Umsjónarkennari	Skólastjóri Nemendaverndarráð Sérfræðingar Skólaþjónustu
<b>Sorg – ástvinamissir</b>	Umsjónarkennari Skólastjóri	Áfallateymi
<b>Vanlíðan – óöryggi – veik sjálfsmýnd</b>	Umsjónarkennari	Þroskaþjálfari Skólastjóri Sérfræðingar Skólaþjónustu

<b>Hegðunarerfiðleikar</b>	Umsjónarkennari	Skólastjóri Nemendaverndarráð Sérfræðingar Skólaþjónustu
<b>Ofbeldi</b>	Umsjónarkennari Skólastjóri	Nemendaverndarráð Lögregla

## Áfallateymi

Við Víkurskóla starfar áfallateymi. Hlutverk þess er að koma saman ef skyndileg áföll, s.s. ef slys verða, dauðsföll, náttúruhamfarir eða önnur erfið áföll sem tengjast nemendum eða starfsfólki. Í teyminu eiga sæti skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri, eftir atvikum umsjónarkennari, hjúkrunarfræðingur og sóknarprestur. Áfallateymið vinnur samkvæmt áfallaáætlun sem er aðgengileg á heimasíðu skólans.

## Sérkennsla og þroskaþjálfun

Í Víkurskóla er starfandi þroskaþjálfari og sérkennari. Í skólanum skiptist á einstaklingskennsla og stuðningur við einstaka nemendur eða hópa inni í bekk. Kennarar, sérkennari og þroskaþjálfari standa vörð um velferð og réttindi nemenda með náms- og þroskafrávik. Hjá þeim geta nemendur, foreldrar og starfsfólk skólans fengið ráðgjöf og upplýsingar. Þessir aðilar veita stuðning við einstaklinga með námserfiðleika og sérþarfir í samstarfi við aðra fagaðila.

## Sérfræðiþjónusta Víkurskóla

Við skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu starfa, stjórnandi/kennsluráðgjafi grunnskóla, talmeinafræðingur, kennsluráðgjafi leikskóla og ritari. Sálfræðiþjónusta er aðkeypt í verktöku. Húsnæði skólaþjónustunnar er að Ormsvelli 1 á Hvolsvelli, s. 4878107. Netfangið er [skolamal@skolamal.is](mailto:skolamal@skolamal.is).

Verksvið skólaþjónustunnar er í samræmi við *lög um grunn- og leikskóla og reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla* auk samþykktu Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Sérfræðingar Skólaþjónustunnar eða verktakar á vegum Skólaþjónustunnar sinna greiningum á börnum í grunnskólanum í samvinnu við kennara skólans. Má þar nefna m.a þroskamati, mati á hegðun og líðan, málþroskamati og námslegum greiningum s.s. lestrar- og stærðfræðigreiningum. Sérfræðingar skólaþjónustu heimsækja skólann einu sinni í mánuði og er miðað við fyrsta miðvikudag hvers mánaðar. Skólaþjónustan veitir ráðgjöf til foreldra, kennara og annars starfsfólks skóla, m.a. almenna kennsluráðgjöf, ráðgjöf vegna skipulags náms og kennslu einstakra nemenda og uppeldisráðgjöf. Sérfræðingar skólaþjónustu sinna auk þess eftirfylgd með nemendum í kjölfar greininga og sitja í teyimum um börn með fatlanir, námserfiðleika og aðrar sérþarfir. Talmeinafræðingur sér, auk greininga og ráðgjafar, einnig um tal- og málþjálfun barna með málþroskafrávik. Að auki er veitt ráðgjöf til sveitarstjórna og fræðslunefnda um ýmislegt sem lýtur að skólamáli. Sérfræðiþjónustan kemur að endurmenntun og fræðslu fyrir starfsfólk skólanna, bæði í formi styttri fræðslufunda og einnig umfangsmeiri námskeiða.

Málum er vísað til skólaþjónustu á til þess gerðum tilvísanaeyðublöðum sem hægt er að sækja á heimasíðunni [www.felagsogskolamal.is](http://www.felagsogskolamal.is) undir *skólamál – tilvísunareyðublöð*. Til að skólar geti vísað málum einstakra barna til sérfræðinga skólaþjónustu þarf skriflegt samþykki

foreldra/forráðamanna þeirra að liggja fyrir. Foreldrar geta einnig snúið sér beint til skólaþjónustunnar án milligöngu skóla.

## ÍSAT kennsla (Íslenska sem annað tungumál)

ÍSAT kennslu í Víkurskóla er ætlað að styðja við nemendur sem hafa íslensku sem annað tungumál. Ennfremur að uppfylla markmið laga og aðalnámskrár um kennslu í samræmi við þarfir nemenda og að nýta fjármagn og mannauð til kennslu barna af erlendu bergi brotnu. Lögð er áhersla á að nemendur sem koma erlendis frá, hefji skólagöngu eins fljótt og auðið er. Unnið er eftir móttökuáætlun þar sem vinnuferli eru skýr. Lögð er áhersla á að byrja á að kenna og þjálfva nemandann í almennum orðaforða og samskiptum í íslensku og innleiða eins fljótt og auðið er, flóknari hugtök í námsbókum eftir því sem nemandinn aðlagast nýju skólaumhverfi. Leitast er við að styrkja nýja nemendur í félagslegum tengslum innan bekkjar og fyrstu skrefin í skólanum er lögð áhersla á að vera í góðu samstarfi við foreldra og með aðstoð tólks eftir því sem þörf er á, til að efla traust og skilning milli foreldra/forráðamanna og skóla.

Markmið ÍSAT kennslu er:

- að auka færni nemenda í íslensku
- að auka færni nemenda í lestri
- að styrkja sjálfsöryggi nemenda í að tala íslensku
- að jafna stöðu nemenda af erlendum uppruna

## Skimanir og próf

Helstu greiningar og skimanir sem framkvæmdar eru í skólanum.

Aldur	Próf/skimanir
1.bekkur	Leið til læsis - lesskimunarpróf
3.bekkur	Talnalykill, hóppróf (mars)
4.bekkur	Samræmd próf íslensku og stærðfræði (í bið)
6.bekkur	Talnalykill, hóppróf (mars)
7.bekkur	Samræmd próf íslensku og stærðfræði
9.bekkur	Samræmd próf í íslensku, stærðfræði og ensku (í bið)
Allir bekkir	Lesferilspróf sept. jan, maí (lesfimi-orðaleysur og sjónrænn orðaforði.
3.-8. bekkur	Orðarún. Lesskilningspróf lagt fyrir 3.-8. b í október og maí.

Unnar eru skýrslur út frá niðurstöðum prófa og rýnifundir haldnir með hlutaðeigandi. Niðurstöður samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk eru einnig nýttar til skimunar. Athugið þessi próf eru í biðstöðu og verða ekki lögð fyrir í vetur.

## Eineltisáætlun

Eineltisáætlun er að finna á heimasíðu skólans og í skólanámskrá.

## Náms- og starfsráðgjöf

Í Víkurskóla er ekki starfandi náms- og starfsráðgjafi sem stendur. Leitað er leiða til að fá þessa lögbundnu þjónustu inn í skólann. Umsjónarkennari á elsta stigi veitir nemendum ráðgjöf og stuðning eftir föngum. Veitt er ráðgjöf um vinnubrögð í náminu og persónuleg ráðgjöf varðandi

námsval. Nemendur 10. bekkjar fara í náms- og starfsfræðsluferð og heimsækja fyrirtæki og framhaldsskóla.

### Samstarf við önnur skólastig

Ávallt er leitað leiða til að styrkja tengsl skólans og nemenda við aðra skóla/skólastig. Nemendur í elsta hópi Leikskólans Mánalands koma í markvissar skólaheimsóknir á vorönn ár hvert. Þau fá að taka þátt í skóladegi með nemendum 1.-2. bekkjar og læra á skólaumhverfið. (ATH, þetta fyrirkomulag er með breyttu sniði í vetur þar sem starfrækt er forskóladeild við skólann. Eldri nemendum leikskólans er einnig boðið á Litlu-jól grunnskólans. Skólinn á gott samstarf við Tónskóla Mýrdælinga. Vikulega er söngstund í 1.-6. bekk. Þá sækja nemendur í 4.-5. bekk tónsmiðjur þar sem þau fá kynningu á hljóðfærum. Tónsmiðjurnar eru lotubundnar tvisvar á skólárinu 6 vikur í senn. Nemendur í 8.-10. bekk sækja haustball og árshátíðarball með skólunum í Rangárvallasýslu og Kirkjubæjarskóla. Þá fá nemendur í 9.-10. bekk skólakynningar og heimboð frá Menntaskólanum Laugarvatni og skólakynningu frá Fjölbrautaskóla Suðurlands.

### Sálfræðiþjónusta

Sálfræðiþjónusta skólans er á vegum Skólaþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu. Enn sem komið er, er ekki starfandi sálfræðingur hjá Skólaþjónustunni en þjónustusamningur er við Sálstofuna. Starfssvið skólasálfræðings er fyrst og fremst sálfræðileg greining á líðan og vandamálum nemenda. Sálfræðingur veitir nemendum, forráðamönnum og starfsmönnum ráðgjöf vegna náms og tilfinningavanda. Starfsmenn skólans, forráðamenn og nemendur geta óskað eftir þjónustu skólasálfræðings.

### Talmeinafræðingur

Til þess að fá þjónustu talmeinafræðings þarf tilvísun frá heimilislækni. Talmeinafræðingur er starfandi innan Skólaþjónustunnar. Talmeinafræðingur sér um að leggja fyrir málþroskapróf og veitir nemendum, kennurum og foreldrum ráðgjöf. Mögulegt er að nemendur sem þurfa þjálfun hjá talmeinafræðingi geti fengið hana í gegnum fjarþjálfun í skólanum. Slíkt er metið af talmeinafræðingi hverju sinni.

### Heilsugæsla

Heilsugæsla í Víkurskóla er á vegum heilsugæslunnar í Vík. Skólahjúkrunarfræðingur er Margrét Lilja Sigurgeirsdóttir og sér hún um heilbrigðisfræðslu nemenda og hefðbundnar heilbrigðisskoðanir skólabarna. Hún sér einnig um viðeigandi bólusetningar. Forráðamenn geta haft samband við skólahjúkrunarfræðing varðandi börn sín á heilsugæslustöð.

### Öryggi nemenda - rýmingaráætlanir

Þegar vá steðjar að vegna utanaðkomandi þátta s.s. veikindafaraldra, óveðurs eða náttúruhamfara er unnið samkvæmt áætlun Almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra. Víkurskóli býr við þær sérstöku aðstæður að skólinn er á rýmingarsvæði ef til Kötlugoss kemur. Nemendur og starfsfólk eru reglulega fræddir um viðbrögð við Kötluvá. Í október á hverju ári er sérstök rýmingaræfing vegna þessa. Allar kennslustofur innihalda möppur með nemendalistum og fyrirmælablaði sem fylgja skal ef til rýmingar kemur. Áætlað er að árlega sé haldin brunaæfing í skólanum í samstarfi við slökkviliðsstjóra.

### Skólaakstur

Í Víkurskóla er hluti nemenda í skólaakstri. Í upphafi skólaárs liggur fyrir akstursáætlun skólabíla. Í vondum veðrum skal skólabílstjóri meta hvort óhætt sé að láta nemendur út á venjulegum

stoppistöðvum eða hvort gera skuli undantekningar og keyra þá heim. Á morgnana er það foreldranna að meta hvort þau fylgja börnum að stoppistöð ef eitthvað er að veðri. Ekki er beðið eftir nemanda sem mætir ekki í akstur á tilsettum tíma. Ef um veikindi eða önnur forföll er að ræða, sjá viðkomandi foreldrar/forráðamenn nemenda um að láta skólalíftjóra vita. Nemendum er skylt að nota bílbelti. Ef veður eða færð eru viðsjárverð hafa skólustjóri og skólalíftjórar samráð um hvort hægt sé að keyra. Tilkynning fer með sms-skilaboðum og/eða tölvupósti til foreldra um leið og ákvörðun hefur verið tekin. Foreldrar meta að sjálfsögðu hvort þeir senda börn sín í skólann eða halda þeim heima ef óveður brestur á og tilkynna skólanum ákvörðun sína.

Sjá áætlun um skólaakstur á heimasíðu.

## Símenntunaráætlun

Sérstök áhersla í endurmenntun Víkurskóla skólaárið 2023-2024:

- Leiðsagnarnám fyrstu skrefin
- Uppeldi til ábyrgðar
- Námsmat á öllum skólastigum
- Læsi á öllum skólastigum
- Forritun (sbr styrk frá Forriturum framtíðarinnar)
- Heilsueflandi skóli
- Eldvarnir

Uppeldisstefna – Uppeldi til ábyrgðar er höfð að leiðarljósi í samskiptum í Víkurskóla. Hugmyndir uppbyggingastefnunnar efla tilfinningaþroska, félagsfærni og siðvitund barna jafnt sem fullorðinna þannig að samskipti einstaklinga verða betri og hafa góð áhrif á skólastarf og daglegt líf einstaklinga. Nauðsynlegt er að huga að endurmenntun vegna Uppeldisstefnunnar í vetur.

ART – færniþjálfun hjálpar og kennir börnum og fullorðnum leiðir til félagsfærni, reiðistjórnunar og efla siðferðisvitund. ART tengist Uppeldisstefnunni ágætlega.

Einnig munu kennarar sækja námskeið sem hentar hverjum og einum sem haldin eru á vegum Skólaþjónustunnar.

Sjá nánar í Starfsþróunaráætlun sem birt er á heimasíðu skólans.

## Þróunarstarf og innra mat

Hér er gerð grein fyrir helstu fyrirhuguðu breytingum á skólanámskrá og þróunarstarfi. Áætlun um innra mat 2020-2024 er að finna á heimasíðu Víkurskóla <https://vikurskoli.is/wp-content/uploads/2020/11/Innra-mat-Vikurskola-2020-2024.docx.pdf>. Áætlunin er til endurskoðunar haustið 2023.

**Sérstök viðfangsefni til rýni og samhæfingar á skólaárinu:**



Úrvinnsla úr niðurstöðum á ytra mati á Víkurskóla mars 2021 – áfangaskýrslu skilað haust 2023  
Nýtt og aukið samstarf við Tónskóla Mýrdælinga  
Efla samstarf og samvinnu við foreldra  
Forritunarnám, fyrstu skref í þá átt  
Uppeldi til ábyrgðar markvissari vinna  
Fjölbreyttar kennsluáðferðir – Drangamix í 1.-6.bekk og Kötlumix í 7.-10.b  
Markvissara innra mat

**Verkefni sem áður er unnið að og eru í gangi:**

- Námsmat á öllum skólastigum
- Námslutar og kennsluáætlanir í endurskoðun
- Efling læsis
- Stærðfræði (Evolytes nýtt rafrænt námsefni í stærðfræði fyrir yngsta stig)